

Til bæjarstjórnar og bæjarráðs Fjarðabyggðar

3. júní 2024

Reglur um viðbrögð við ágangi búfjár

Hér fyrir neðan er texti í síðustu fundagerð bæjarráðs Fjarðabyggðar frá því í dag 3. júní sem fjallar um reglur við viðbrögðum við ágangi búfjár.

10. 2404088 - Reglur um viðbrögð við ágangi búfjár

Fjallað um ágang búfjár og viðbrögð við honum.

Bæjarráð tekur afstöðu til beiðna berist þær með tilliti til mats á ágangi, meðalhófi og annarra aðstæðna.

Linkur á fundagerð: <https://www.fjardabyggd.is/stjornsysla/nefndir-og-rad/fundargerdir-nefnda-og-rada>

Þar sem okkur þykir þetta orðalag mjög óskýrt óskum við eftir frekari útskýringum á hvað þetta þýðir og hvernig framkvæmdin á að vera?

1. Hvað þarf til svo að “ágangur” myndist að mati bæjarráðs?
2. Á að styðjast við einhvern mælikvarða í þessu mati, eða á þetta að vera huglægt mat? Ef þetta á að vera huglægt mat við hvað verður þá miðast?
3. Hver mun meta hvort um ágang sé að ræða eða ekki?
4. Hversu fljótt eftir beiðni um smölun mun þetta ágangsmat fara fram?
5. Hvernig á þetta mat að fara fram?
6. Hversu fjótt eftir að mat hefur farið fram má gera ráð fyrir að ákvörðun bæjarráðs?

7. Það er talað um að það þurfi að taka tillit til"annarra aðstæðna".

Hvaða annarra aðstæðna er verið að tala um sem gætu áttu átt við og gætu haft áhrif á ákvörðun bæjarráðs?

Að lokum og að gefnu tilefni:

Nú er það svo að ágangur er skilgreindur sem "heimildarlaus beit" af Páll Briem okkar helsta lögspekings þess tíma í tímaritinu Lögræðingur, 1. árg. 1897.

Varðandi meðalhóf. Með því að sveitafélagið hefur ekkert aðhafst um smölun þegar eftir því hefur verið óskað eru það einungis þolendur ágangsfjárins sem hafa þurft að þjást. Gerendurnir, eigendur fjársins hafa getað haldið sínu lífi áfram án nokkurra vandkvæða. Sveitafélagið hefur haldið uppi vörnum fyrir gerendur málsins og greitt allan kostnað og vinnu við slíkt. Í þessu felst ekkert meðalhóf.

Skylda sveitarfélags til smölunar ágangsfjár er ekki stjórnvaldsákvörðun heldur lagaskylda. Um er að ræða bein fyrirmæli löggjafans til sveitarstjórna. Skoðanir eigenda ágangsfjárins eru þessu óviðkomandi.

Nú þegar liggja fyrir niðurstöður nokkurra ráðuneyta og umboðsmanns Alþingis um þessi mál og þau eru á einn veg. Það er því ekki þannig að bæjrráðsmenn geti borið fyrir sig fáfræði í umræðu og ákvörðunartöku í þessum málum. Ef ekki verður brugðist við beiðni um smölun eins og vera ber samkvæmt lögum mætti draga þá ályktun að sveitastjórnarfolk sé að nýta sér opinbert vald út frá eigin skoðunum og í eigin þágu.

Virðingafyllst,

Ívar Ingimarsson

Hrefna D. Arnardóttir.